# FUNDARGERÐ

**41. fundur Odda bs**
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 25. maí 2021**
**og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**
Björk Grétarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Egill Sigurðsson, Sigrún B Benediktsdóttir, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Ingigerður Stefánsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Björg K Björgvinsdóttir, Jóhanna Hlöðversdóttir, Guðbjörg Ísleifsdóttir, Jónas Bergmann Magnússon, Hugrún Pétursdóttir, Birta Huld Halldórsdóttir, Ína Karen Markúsdóttir og Svala Guðmundardóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

**Dagskrá:**

1. **Ársskýrslur skólanna 2020-2021 - 2105027**

   *Kynning skólastjóranna á verkefnum síðasta árs.*

   Skólastjórar kynntu ársskýrslu hvers skóla fyrir sig og fóru yfir þau atriði sem skólastefnan kveður á um að skuli farið yfir á vorfundi Odda bs. Jafnframt voru lögð fram gögn til kynningar og umræðu. Tillaga um að vorfundur Odda bs staðfesti að skýrslur skólastjóranna hafi verið fullnægjandi og taki á þeim atriðum sem skólastefnan kveður á um. Vorfundur Odda bs vill færa skólastjórnendum og starfsfólki innilegar þakkir fyrir góð störf m.a. á þeim erfiðu Covid19 tímum sem gengið hafa yfir á síðustu misserum.

2. **Skóladagatöl 2021-2022 - 2104042**

   *Skóladagatölin lögð fram til staðfestingar.*

   Lögð fram til staðfestingar skóladagatöl allra skólanna. Gerð hefur verið tilraun til að samræma starfsdaga eins og mögulegt er. Tillaga um að vorfundur Odda bs staðfesti skóladagatölin fyrir skólaárið 2021-2022 og var það samþykkt samhljóða.

3. **Endurskoðun skólastefnu - 1702001**

   *Reglubundin endurskoðun á skólastefnu Ásahrepps og Rangárþings ytra.*

   Skólastefna Odda bs var tekin til umræðu en gert er ráð fyrir að reglubundinni endurskoðun hennar ljúki í haust. Rætt var um nokkur atriði sem til álita kæmi að bæta við skólastefnuna. Óskað er eftir því að skólastjórnendur taki saman stutta greinargerð með atriðum til skoðunar og sendi framkvæmdastjóra. Á fyrsta fundi Odda bs í haust verði þessi atriði tekin til umræðu og síðan frekari úrvinnslu á Haustfundi Odda bs.

   Samþykkt samhljóða.

BG MHG ÁS VV BKB SBB GÍ

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.**